



Reykjavík

5.12.2022

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Fyrirspurn fulltrúa Sósílistaflokks Íslands um samstarf Hopp og Strætó bs - MSS22070055

Á síðustu dögum kom fram að rafskútufyrirtækið HOPP ætli að eiga í samstarfi við Strætó. Í því samstarfi verði markmiðið að samræma ferðaáætlun, nota sömu tækni til að greiða fyrir heildarferðina og samtengja ferð með rafskútu og strætisvagni. Hver verða áhrif af þessu samstarfi á kostnað farþega og leiðarkerfi Strætó? Hvernig mun þetta samstarf auka virði hins einkarekna fyrirtækis og möguleika þess á að greiða út arð af þessari almannaþjónustu? Mun kostnaður af þessu samstarfi valda því að skorið verði niður í annarri þjónustu Strætó á mótí? Við þetta má bæta að það er langt því frá að allir hópar geti og treysti sér til þess að nota rafskútur. Þess vegna er mikilvægt að fá upplýsingar um hvort þetta samstarf verði á kostnað þjónustu þeirra

Ekkert formlegt samkomulag liggur fyrir á milli Strætó og Hopp. Hinsvegar hefur óformlegt samtal átt sér stað á milli aðilar um hvort möguleiki sé að einfalda líf viðskiptavinar þ.a. hægt sé að samnýta greiðsluleiðir og umhverfisvæna ferðamáta allveg frá upphafi ferðar til loka ferðar. Því liggur ekki fyrir neinar hugmyndir um útfærslur eða kostnað ef af slíku samstarfi yrði. Markmið með slíku samkomulagi ætti alltaf að vera með hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi og einfalda möguleika þeirra á umhverfisvænum ferðamátum.

Rafskútuferðir eru taldar góð lausn fyrir þá sem vilja brúa síðust metrana frá heimili að stoppustöð og frá stoppustöð að endastöð ferðar.

sign

---

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó